

Mál nr. 30/2004

M

og

Vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar Í

Vinnuslys í byggingu á Keflavíkurflugvelli þ. 2.4.2002.

Gögn.

1. Málskot mótttekið þ. 20.2.2004. ásamt fskj. nr. 1-10
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 115/04
3. Bréf V. dags. 4.3.2004. ásamt fskj. 1-2

Málsatvik.

M lýsir atvikum þannig að hann hafi verið við vinnu í ákveðnu húsi við að draga í rafmagn. Þegar hann og samstarfsmenn hans hættu daginn fyrir slysið drógu þeir fjöður í rafmagnsdós í eldhúsi til að það yrði tilbúið að draga rafmagnsvíra í þegar komið yrði að vinnu daginn eftir. M segir að rafmagnsdósin hafi verið í um 1.20 m. hæð. Þegar komið var að verki á slysdag þá var búið að setja gífsplötur 120 cm. X 220 m að stærð upp við vegginn þar sem fyrrgreind rafmagnsdós er og segir M í lögregluskýrslu að ekki hafi viljað betur til en svo að þegar hann tók í fjöðrina þá hafi þessi 26 plötu stæða hrunið á sig og hann dottið á gólfið og plöturnar ofan á. M varð síðan var við verki sem ágerðust eftir því sem á daginn leið og í ljós kom að hann varð fyrir líkamstjóni. Í læknisvottorði segir í lýsingu á slysinu að M hafi rekið sig illa í staflaðar gífsplötur sem hrundu þá yfir hann og í tilkynningu um vinnuslys til Vinnueftirlitsins segir “ M var að vinna við ídrátt – stóð við gífsplötubúnt (26. stk.) þegar þær hrundu yfir fætur hans og mjöðm (Plöturnar stóðu upp við vegg) Vitni að slysinu segir að umræddar plötur hafi verið reistar þannig upp við vegginn að mjög tæpt hafi verið á að það dytti frá veggnum og hafi M ætlað að draga ídráttarfjöður út úr dósinni þegar plötu stæðan hafi dottið ofan á hann. Tilkynnt var um slysið til Vinnueftirlits en hvorki Vinnueftirlit né lögregla voru kölluð til. Starfsmenn Í munu hafa staflað upp þeim gífsplötum sem hér ræðir um og gengið frá þeim. Lögmaður M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu Í hjá V. og bendir á að óforsvaranlegt hafi verið að láta svo þungan stafla hvíla á tveimur spýtum við vegginn og auðvelt hefði verið að koma í veg fyrir slysið með því að stafla plötunum upp á gólfinu. Plöturnar hafi verið í eigu Í og starfsmenn Í hafi staflað þeim upp. Lögmaðurinn mótmælir því að M hafi rekið sig í plöturnar en þó svo hafi verið þá létti það ekki sök af þeim sem hlóðu stæðunni. Loks bendir lögmaðurinn á reglugerð nr. 499/1994 um öryggi og hollustu á vinnustað og vísar til 7.gr. reglugerðarinnar og 2.ml. greinar 1.1. í A hluta IV. viðauka reglugerðar um aðbúnað o.fl. nr. 547/1996 og gr.2.1. í A hluta sama viðauka og gr. 14.2. í sama viðauka til stuðnings kröfu M. V hafnar bótaskyldu og bendir á að ósannað sé að slysið verði rakið til saknæmrar háttsemi starfsmanna Í., ófullnægjandi frágangs byggingarefnis eða vanbúnaðar. V telur ósannað að plötunum hafi verið staflað upp með óforsvaranlegum hætti og byggir á að plötunum hafi verið staflað upp með eðlilegum hætti og ekki hafi stafað af þeim sérstök hættu við venjulega og eðlilega umgengni. V telur að töluvert átak hafi þurft til að fella niður plöturnar og hefði þetta átt að vera M og félögum hans vel ljóst. V telur að ólíklegt sé að smávægilegt átak hefði orðið til að fella stæðuna og telur V að M hafi togað í stæðuna.

Álit.

Hvorki Vinnueftirlit ríkisins né lögregla vor kvödd á slysstað eða til að kanna aðstæður eftir að ljóst var að M hafði orðið fyrir líkamstjóni og slysið tilkynnt til Vinnueftirlits ríkisins sama dag og slysið varð. Takmarkaðar upplýsingar liggja fyrir í málinu frá Í þó að Í hafi haft öll tæk á að kanna aðstæður betur en fyrir liggur. Gera má ráð fyrir að stæða af gífsplötum sem eru 1.20 m.X 2.20 m., þeirrar hæðar sem hér ræðir um, haggist ekki sé þess gætt að raða plötunum upp með eðilegum hætti. Jafnvel þó að M hafi rekið sig eitthvað í stæðuna við verk sitt þá ætti stæða af svona stórum plötum ekki að falla niður nema röðun platnana hafi verið ábótavant. Ekkert eftirlit virðist hafa verið viðhaft með því þegar gífsplötunum var raðað og ekkert liggur fyrir um það að þess hafi verið gætt að kanna hvort að frá stæðunni hafi verið gengið með viðunandi hætti þegar búið var að koma henni fyrir. Í þessu efni liggja engar upplýsingar fyrir frá Í. Í hefur ekki sýnt fram á að stæðunni hafi verið hlaðið upp með þeim hætti að það væri í samræmi við ákvæði sem gilda um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á vinnustöðum. Miðað við framangreindar forsendur verður ekki annað séð en að starfsmenn Í hafi bakað Í bótaábyrgð með því að gæta ekki að því að raða umræddum plötum upp með þeim hætti að ekki stafaði hætta af þeim. M á því rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu Í hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu Í hjá V.

Reykjavík 25.3. 2004.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.